

Akureyrarbær
Anna Bragadóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. janúar 2013
Tilvísun: UST20121100154/ksj

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Borgarbrautar - Vestursíðu, Akureyri.


Tillaga að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi felur í sér að skipulagssvæðið minnkar um 485 fermetra þar sem svæði við gatnamót Borgarbrautar og Bugðusíðu fellur burt úr skipulaginu vegna hringtorgs sem áætlað er að byggja á gatnamótunum. Tillaga að breytingu felur í sér að lóð að Vestursíðu 8 minnkar og afmörkun svæðisins verður samræmd deiliskipulagsmörkum Giljahverfis..


Umhverfisáhrif

Samkvæmt skýrslu verkfræðistofunnar Eflu er nefnist *Niðurstöður – Skoðun á hljóðvist við hringtorg á gatnamótum Borgarbrautar og Bugðusíðu*, er þörf á mótvægisáðgerðum á áhrifasvæði gatnamóta Borgarbrautar og Bugðusíðu. Við gerð hringtorgs færast akbrautir nær húsunum við gatnamótin og þar með hækkar hljóðstigið við útvegg þeirra. Á uppdrætti er fylgir tillögu að ofangreindri deiliskipulagsbreytingu kemur fram að gert er ráð fyrir hljóðvegg á lóðamörkum húsanna að Vestursíðu 8 og 6 að hæð 1,5 m. sem mótvægisáðgerð við breytingunni.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu að breytingu á deiliskipulagi Borgarbraut - Vestursíða.

Virðingarfyllst


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur